

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Höfðasels, Höfðaseli 2 – 4.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 8. mars 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Höfðaseli á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóðir nr. 2 og 4 við Höfðasel eru báðar stækkaðar um 57 metra til suðvesturs og hluti lóðar Höfðasels 2 stækkar ennfremur um 4 metra við hluta aðliggjandi lóðarmarka Höfðasels 4. Stærð lóðar nr. 2 var 9.200 m<sup>2</sup> en verður 15.983 m<sup>2</sup> og er byggingarreitur á lóðinni fyrir skrifstofu- og starfsmannahús og framleiðslubyggingar. Nýtingarhlutfall verður 0,6. Lóð Höfðasels 4 stækkar úr 10.851 m<sup>2</sup> í 16.323 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,6. Frárennlisskurður er færður um 40 m og út fyrir ný lóðarmörk beggja lóða.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 19. apríl 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**